

Þriðjudaginn 1. október 1985.

Nr. 218/1983. **Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f**

(Hallgrímur B. Geirsson hdl.)

gegn

**Sjómannafélaginu Jötni**

(Arnmundur Backman hrl.)

**Véltjórafélagi Vestmannaeyja og**

(Jón Hjaltason hrl.)

**Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi**

Dómstólar. Félagsdómur. Ómerking. Máli vísa frá héraðsdómi.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 2. desember 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. nóvember 1983 skv. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda Sjómannafélagsins Jötuns. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi þess, að stefndi Sjómannafélagið Jötunn verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur stefnt Véltjórafélagi Vestmannaeyja og Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi fyrir Hæstarétt, en hann gerir ekki kröfur á hendur þeim.

Stefndi Sjómannafélagið Jötunn krefst staðfestingar hins áfrýjanda dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Véltjórafélag Vestmannaeyja hefur látið sækja þing fyrir Hæstarétti, en ekki eru gerðar kröfur af hálfu félagsins. Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi hefur ekki látið sækja þing fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi reisir ómerkingar- og frávisunarkröfu sína á því, að réttarfarsnaudsýn hafi borið til þess samkvæmt 46. gr. laga nr. 85/1936, að öll þau stéttarfélög, sem skipverjar á v/b Álsey voru félagsbundnir í, ættu hlut að málsókn þessari svo og að skipverjum öllum væri stefnt til að þola dóm.

Stefndi Sjómannafélagið Jötunn byggir málsókn sína á því, að áfrýjandi hafi í skiptum sínum við skipverja á v/b Álseý brotið ákvæði liða f og g í 26. gr. kjarasamnings Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna frá 9. júlí 1977 að því er ætla verður. Vill stefndi með málsókninni heimta úr hendi áfrýjanda féggjald, sem hann telur vera samningsbundin viðurlög samkvæmt kjarasamningnum við samningsbroti áfrýjanda.

Úrlausn málfefnis þessa ber undir Félagsdóm skv. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu ex officio frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda Sjómannafélagið Jötun til að greiða áfrýjanda, Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f, 25.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur.

Máli þessu er vísað ex officio frá héraðsdómi.

Stefndi Sjómannafélagið Jötunn greiði áfrýjanda, Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h/f, 25.000,00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 13. apríl 1983.

##### I.

##### *Kröfur aðilja.*

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ.m. (apríl), er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 7. júní 1982, en birtri 10. júní 1982, af Elíasi Björnssyni nnr. 1927-9243, Hrauntúni 28, Vestmannaeyjum, f.h. Sjómannafélagsins Jötuns, nnr. 5436-2889, Vestmannaeyjum, á hendur Sigurði Einarssyni, nnr. 7849-6916, Smáragötu 4, (áður Foldahrauni 40), Vestmannaeyjum, f.h. Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja h.f., nnr. 4295-8042, Vestmannaeyjum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 98.689 með 4% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 01.06. 1979 til 01.06. 1979, en með 4,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 4,75% dráttarvöxtum frá þeim degi til 01.06. 1981, en með 4,5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 01.03. 1982, en með 4% dráttarvöxtum frá

þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Við munnlegan málflutning lagði stefnandi fram, sem dskj. nr. 28, nýja og sundurliðaða kröfugerð, er stefnandi kvað vera dómkröfur sínar í málinu þannig:

1. *Aðalkrafa:* Að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 98.689 með þeim vöxtum, sem í stefnu greinir, auk málskostnaðar að skaðlausu, þ.m.t. v/ flugfars og dagpeninga.

2. *Varakrafa:* Að stefnda verði gert að greiða kr. 32.896 með 22% ársvöxtum frá 01.06. 1979 til 01.09 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 01.12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 01.06. 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 01.03. 1981, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 01.06. 1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 24.06. 1982, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu, þ.m.t. v/flugfars og dagpeninga.

3. *Þrautvarakrafa:* Að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 28.197 með sömu vöxtum og greinir í varakröfu, auk málskostnaðar að skaðlausu þ.m.t. v/flugfars og dagpeninga.

Einnig er Gísla Eirikssyni, nnr. 2663-5810, Strembugötu 17, Vestmannaeyjum, sem formanni f.h. Vélstjórafélags Vestmannaeyja, nnr. 9175-5874, Vestmannaeyjum og Kristjáni Adólfssyni, nnr. 5837-1343, Búhamri 31, Vestmannaeyjum, sem formanni f.h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðanda, nnr. 9165-6795, Vestmannaeyjum, stefnt til að þola dóm í málinu, en ekki gerðar aðrar kröfur á hendur þeim í málinu.

Stefnda Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h.f. gerir þær dómkröfur:

Að stefnda Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h.f. verði sýknuð að öllum kröfum stefnanda og því tildæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sættir voru reyndar, en reyndust jafnan árangurslausar.

### III.

#### *Málsatvik.*

Aðiljar deila ekki um málavexti, og verður þeim þannig lýst:

Í 26. gr. kjarasamnings milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna frá 9. júlí 1977 er fjallað um röðrafrí á landróðrabátum og helgarfrí. Í f) og g) lið 26. gr. kjarasamningsins segir svo:

„f) Á föstudaginn langa, páskadag, 1. maí og sjómannadaginn skal ekki róíð eða verið á sjó. Sé ákvæði þetta brotið skal allt aflaverðmæti úr veiðiferðinni renna til viðkomandi verkalýðs- og sjómannafélags.

g) Ákvæði e) og f) liða 26. greinar skulu einnig taka til útilegu- og togbáta undir 160 rúml.“ Samhljóða ákvæði er í c) lið 23. gr. kjarasamnings Sjómannafélagsins Jötuns, Vestmannaeyjum.

Stefnandi kveðst hafa vitað, að hinn 1. maí hafi nokkur skip verið á sjó. Hvað skip stefnda snertir, m.b. Álsey, VE-502, hafi verið farið í róður hinn 30. apríl 1979 og verið á sjó þann 1. maí. Stefnandi kveður sig hafa reynt að koma í veg fyrir brotið á sínum tíma, en útgerðarmanni hafi ekki verið haggað og honum þá gert ljóst, að ákvæðum gildandi kjarasamninga yrði beitt um brotið.

Aflaverðmæti m.b. Álseyjar VE-502, hafi verið reiknað út samkvæmt vigtarnótum úr róðrinum, nr. 0561 og 0562 og reynst vera gkr. 9.868.900, eða nýkr. 98.689, sem sé jafnt stefnufjárhæðinni (aðalkröfu) í máli þessu, en tölulegum útreikningi á stefnukröfu er ekki mótmælt af hálfu stefnda.

— — —

## V.

*Lagarök.*

Stefnandi vísar til kjarasamnings Sjómannasambands Íslands og Landsambands íslenskra útvegsmanna um, að um samningsbrot sé að ræða í þessum gagnkvæma samningi aðiljanna. Viðurlög við slíku broti sé að finna í f og g lið 26. gr. þessa samnings, sbr. e lið 23. gr. kjarasamnings Sjómannafélagsins Jötuns og Útvegsbændafélags Íslands (sic). Hið sama komi fram í kjarasamningi Landssambands íslenskra Útvegsmanna og Vélstjórafélags Vestmannaeyja 30. gr. Um að málið ætti ekki undir Félagsdóm, vísaði stefnandi til 44. gr. vinnulöggjafarinnar, laga nr. 80/1938 og gat þess sérstaklega í því sambandi, að hér væri ekki um neitt sérstakt brot á vinnulöggjöfinni eða um neina túlkun á kjarasamningi að ræða. Um að hér væri um skiptilega kröfu að ræða, var m.a. vísað til Hrd. 31, bls. 512 og Hrd. 32, bls. 360.

Um að varakröfu og þrautavarakröfu ætti að vísa sjálfkrafa frá dómi vegna vanreifunar vísaði stefnda, Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h.f., við munnlegan málf lutning til 113. og 114. gr. einkamálalaganna, laga 85/1936, enda væri krafan um hlutaskiptin byggð á nýrri málsástæðu.

Þá var vísað til 35. gr. samningalaganna, laga 7/1936, í því sambandi, að ef fallist yrði á þá kröfu stefnanda, að umrædd viðurlög ættu við, ætti að beita þessu ákvæði samningalaganna til lækkunar á févítinu.

## VI.

*Niðurstaða.*

Aðiljar deila ekki um lögsögu dómstólsins í málinu.

Litið er ennfremur svo á, að IV. kafli laga nr. 80/1938 um Félagsdóm eða önnur lög komi ekki í veg fyrir það, að þessum dómstóli sé rétt og heimilt að meta öll atriði, er upptökuákvæði greindra kjarasamninga

varðar, og skýra að því leyti ákvæði greindra samninga, þar á meðal hvort brotin hafi verið fyrirmæli um róðrafri.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefnda Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h.f. greiði stefnanda, Sjómannafélaginu Jötni, Vestmannaeyjum, kr. 32.896 með 22% ársvöxtum frá 1. júní 1979 til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 24. júní 1982, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Í samræmi við úrslit máls þessa ber stefnda Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h.f. að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst hæfilegur kr. 11.800.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndu Vélstjórafélag Vestmannaeyja og Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi, Vestmannaeyjum, skulu þola dóm í máli þessu.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari (dómsformaður) kvað upp dóm þennan ásamt samdómendum Friðriki Ásmundssyni, skólastjóra Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum og Sigurgeiri Ólafssyni skipstjóra.

#### D ó m s o r ð:

Stefnda Hraðfrystistöð Vestmannaeyja h.f., nnr. 4295-8042, greiði stefnanda, Sjómannafélaginu Jötni, nnr. 5436-2889, kr. 32.896 með 22% ársvöxtum frá 1. júní 1979 til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 24. júní 1982, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 11.800 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndu Vélstjórafélag Vestmannaeyja, nnr. 9175-5874 og Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi, nnr. 9165-6795, Vestmannaeyjum, skulu þola dóm í máli þessu.